

**Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands**  
**Fundur 23. júní 2010**  
**4. fundur**

Staðsetning: KSÍ laugardal, 12:00 – 13:30

Mættir: Arnar Bill, Ómar, Sigurður og Úlfar.  
Boðuð forföll: Kristján, Þórir

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt með leiðréttingum.

**2. Skattamál/endurskoðun**

Umræðu frestað

**3. Heimsóknir til félaga**

Umræður um hvernig til tókst með opnu æfinguna hjá mfl.ka Breiðabliks. Ákveðið að Formaður ræði á næsta fræðslunefndarfundi hvort hægt sé að fá tíma í endurmenntun fyrir þá þjálfara sem koma og fylgjast með. Ákveðið að Arnar Bill haldi áfram með verkefnið.

**4. Heimsóknir út á land**

Umræður um málið. Ákveðið að Formaður ræði við Óla Jó hvaða daga hann komist og í kjölfarið muni Formaður hafa samband við landshlutatengiliði og bjóða þeim að fá A landsliðsþjálfara karla og fulltrúa frá stjórn KÞÍ í heimsókn á sitt svæði/félag.

**5. Staðan á afmælisráðstefnunni**

Jákvæð svör komin frá öllum Norðurlöndum nema Svíþjóð. Auk þess hafa Raviol og Venglos þekkt boð okkar frá AEFCA. Af fyrirlesurum er Verheijen staðfestur en beðið er eftir svari frá Roxburgh og Houilier.

**6. Bikarúrslitaráðstefna**

Einungis á eftir að ganga frá smáatriðum með S.Baxter landsliðsþjálfara Finnlands. Umræður um dagskrá.

**7. Önnur mál**

- a. Ákveðið að reyna að koma á fundum með þjálfurum sem þjálfar sama aldursflokk næsta haust.

Úlfar Hinriksson  
ritari